

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/45/30

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1707)

(2005/438/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði a-liðar 2. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/53/EB banna notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms í efnum og smíðaeftirbúnaði ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í II. viðauka við tilskipunina með þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind.
- 2) Þar sem endurnýting, endurbætur og framlenging á endingartíma vara er til bóta þurfa varahlutir til viðgerða á ökutækjum, sem þegar voru á markaði þann 1. júlí 2003, að vera fyrirbyggjandi. Því ber að láta notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms í varahlutum, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003, viðgangast.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við það.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EEB ⁽²⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað fimmta undirliðar í „aþugasemdum“ II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB komi eftirfarandi:

„— varahlutir, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 sem notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, eru undanþegnir ákvæðum a-liðar 2. mgr. 4. gr. (*)

(*) Þetta ákvæði á ekki við um jafnvægisstillingarlóð fyrir hjól, kolbursta fyrir rafmagnshreyfla eða hemlaborða þar eð þessir íhlutir falla undir tilteknar færslur.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtúð. ESB L 152, 15.6.2005, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtúð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/525/EB (Stjtúð. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 73).

⁽²⁾ Stjtúð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtúð. ESB L 284, 31.10.2003 bls. 1).